



Utanríkisráðgjafnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG-150427-02
Reykjavík 11. maí 2015

**Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands við tillögu til þingsályktunar um
þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Þingskjal 1169 - 695. mál.**

Landhelgisgæslu Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, 695. mál samanber tölvupóst frá nefndasviði Alþingis dags. 27. apríl 2015.


Almennt um þingskjalið.

Landhelgisgæslan fagnar þeim tillögum sem koma fram í þingsályktuninni. Landhelgisgæslan er í dag sú stofnun sem sér um framkvæmd fjölda þeirra verkefna sem fram koma í stefnunni þ.e.a.s. framkvæmd ytri öryggismála þjóðarinnar, hvort sem um er að ræða á sviði landhelgismála, leitar og björgunar, siglingaöryggis, málefna Norðurslóða og nú síðast öryggis- og varnarmála samanber varnarmálalög nr. 34/2008. Í þessum tilgangi rekur Landhelgisgæslan meðal annars tvær stjórnstöðvar, eina í Reykjavík og aðra er þjónar varnartengdum verkefnum á Öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Til viðbótar framangreindu undirbýr Landhelgisgæslan rekstur alþjóðlegrar björgunarmiðstöðvar sem fyrirhugað er að staðsett verði á Öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Landhelgisgæslan er stofnun með tengslanet sem nær til allra samstarfsþjóðanna og stofnana er að verkefninu koma. Innan Landhelgisgæslunnar er til staðar fagleg þekking og reynsla á þeim rekstrarverkefnum sem fram koma í þjóðaröryggisstefnunni. Það er faglegt mat Landhelgisgæslunnar að þjóðaröryggisstefnan falli vel að núverandi verkefnum stofnunarinnar og að eðlilegt sé að Landhelgisgæslunni verði falin önnur verkefni sem hagræði er af, að samþætta núverandi rekstri.

Í ljósi mikilvægis þjóðaröryggisstefnunnar fyrir framkvæmd verkefna Landhelgisgæslu Íslands er lögð áhersla á mikilvægi þess að Landhelgisgæslan eigi fulltrúa í þjóðaröryggisráðinu og komi að endanlegri gerð stefnunnar.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,


Jón B. Guðnason, framkvæmdastjóri
lofthelgis- og öryggismálasviðs